

Ársskýrsla vísindanefndar 2004

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Nefndin vann að endurskoðun reglna sjóðsins sem samþykktar voru í háskólaráði 15. júní 2004.

Rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma sem liðin er frá því að eldri reglur Rannsóknasjóðs voru samþykktar árið 1995. Því var full þörf á endurskoðun reglnanna og samræmingu þeirra við núgildandi lög og reglur Háskólans.

Helstu breytingar fólust í því að styrkhæfi umsækjenda var endurskilgreint í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna Háskólans varðandi ráðningar og hæfnismat, sbr. 29. gr. og 43 gr. reglna Háskólans. Þá voru yfirvinnustyrkir felldir niður en þeim hafði fækkað mjög mikið á síðustu árum og námu aðeins um 3% heildarstyrkuppþæðar við úthlutun fyrir árið 2004. Það er álit vísindanefndar að yfirvinnugreiðslurnar eigi fremur að koma úr ritlaunasjóðum.

Vinna vegna úthlutunar úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2005 átti sér stað í lok ársins eins og áður. Við úthlutunarvinnuna var unnið samkvæmt sama ferli og áður þar sem faglegt mat var skilið frá úthlutunarvinnu.

Við faglega matið störfuðu þrjú fagráð, fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru um fimm fulltrúar, þar af einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráð mátu allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður og leitast við að styrkja sérstaklega góð verkefni. Mjög mikil samkeppni var um fjármuni sjóðsins og var stjórninni erfitt verk á höndum. Umsóknum hafði þó fækkað nokkuð frá árinu áður, voru 187 í stað 220. Meðalstyrkur við úthlutun úr Rannsóknasjóði HÍ fyrir árið 2005 var 760.000 kr. (Sjá nánar kafla í árbók um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður.

Á árinu 2004 voru í fyrsta sinn veittir styrkir til nýdoktora. Veittir voru tíu styrkir. (Sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð).

Vísindanefnd tilnefndi þrjá vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan þau Guðmund G. Haraldsson, prófessor við raunvísindadeild og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, prófessor við félagsvísindadeild. Þeim voru veitt verðlaunin við brautskráningu Háskólans 23. október.

Önnur mál sem voru afgreidd frá nefndinni á árinu:

- Umfjöllun um fjármögnun rannsókna, áherslusvið í rannsóknum og markáætlanir á Íslandi og á Norðurlöndunum.
- Mat á umsóknum vegna styrkja Þróunarsamvinnustofnunar.
- Tilnefning til John W. Kluge verðlaunanna og umhverfisverðlauna Volvo.
- Fagleg umfjöllun um umsóknir fyrir Rannsóknánámssjóð.
- Viðmið um gæði framhaldsnáms.